

**Nr. 114/ 15 Bergur VE 44****Maður fyrir bord**

Skipaskr.nr. 2677  
Smíðaður: Danmörku 1998, stál  
Stærð: 569 bt  
Mesta lengd: 35,38 m Skráð lengd: 30,17 m  
Breidd: 10,5 m Dýpt: 6,90 m  
Vél: Alpha 956 kW, 1998  
Fjöldi skipverja: 11



Bergur©NN

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 25. júlí 2015 var Bergur VE 44 á togveiðum með tvö troll á Vestjarðamiðum. Veður: Hægviðri.

Skipverjar voru að taka inn veiðarfæri og voru tveir þeirra að húkka dauðalegg saman við leiðara frá grandaraspili. Þeir voru búnir að húkka saman stjórnborðsmegin en ekki bakborðsmegin en stjórnandi hífingar taldi svo vera og byrjaði hífingu á báðum spilum. Við þetta kræktist leiðarinn í annan skipverjann, dró hann yfir lunninguna og lenti hann í sjónum við rennuna. Hann náði strax taki á leiðara frá lóðinu og var hægt að hífa hann upp rennuna. Honum varð ekki meint af volkinu.

**Við rannsókn kom fram:**

- að verið var að taka inn tvö troll með lóð á milli þeirra;
- að sögn skipverja voru ávallt tveir menn í brú þegar híft var;
- að sögn stjórnanda hífinga var slæmt útsýni aftur þilfarið frá stjórnþalli vegna sólarbirtu;
- að skipverjinn var með öryggishjálma en ekki í björgunarvesti né með líflínu;
- að nýtt verklag var tekið upp eftir atvikið þannig að skipverjar á hlera fara af pöllunum við hífingu.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins eru óvönduð vinnubrögð við hífingu.